

KIRKJUGARÐARÁÐ

74. fundur haldinn 12. október 2009 í fundarsal Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð í forföllum Kristínar Huldar Sigurðardóttur sem boðaði forföll.

Duftgarðurinn Sóllandi.

Áður en fundurinn hófst bauð framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma upp á veitingar og kynnti starfsemi kirkjugarðanna og helstu verkefni sem eru í gangi hjá þeim. Í framhaldinu var farið í skoðunarferð í duftgarðinn á Sóllandi sem nýbúið er að vígja eða nánar tiltekið 2. október s.l. Framkvæmdir við duftgarðinn hófust sumarið 2005 og er gert er ráð fyrir að hægt verði að jarðsetja um 30.000 þúsund duftker í garðinn.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 12:20. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Umsögn um reglur um stærð og frágang minnismerkja hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið óskaði eftir umsögn Kirkjugarðaráðs vegna draga að reglum um stærð og frágang minnismerkja í umdæmi kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Var farið yfir þessar reglur og framkvæmdastjóra falið að senda umsögn Kirkjugarðaráðs til ráðuneytisins.

3. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2008 lagður fram

Tekjur sjóðsins voru samtals 76.392 milljónir, en rekstrargjöld 76.114 milljónir og rekstrarafgangur því 278 þúsund. Var reikningurinn samþykktur og undirritaður án athugasemda.

4. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 16. nóvember kl.13.00.

5. Önnur mál

Rætt var um fyrirkomulag vegna greiðslu dagpeninga til framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra Kirkjugarðaráðs á vinnuferðum þeirra um landið. Var samþykkt að hafa það óbreytt, þ.e. að greitt verði eftir ferðareikningi í samræmi við auglýsingu fjármálaráðuneytisins um greiðslu dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.

Fundi slitið kl. 16:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
ritari